

Ed. **780. Breytingartillögur** [222. mál]

við frv. til l. um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. Við 46. gr. Á eftir orðunum „Heimilt er landnámsstjórn“ komi: með samþykki landbúnaðarráðherra.
2. Við 62. gr. Fyrri málsg. orðist svo:
Til þeirra viðfangsefna, sem talin eru í 61. gr., svo og rekstrarkostnaðar Landnáms ríkisins skal veita fé á fjárlögum. Landnámsstjórn skal gera áætlun um framlög þessi. Á árinu 1972 leggur ríkissjóður fram eigi minni fjárhæð en 53.3 milljónir króna, þar af ekki minna en 7.5 milljónir króna til grænifóðurverksmiðja.
3. Við 75. gr. Fyrri málsliður orðist svo:
Ríkisendurskoðunin endurskoðar reikninga Landnáms ríkisins.